

Kennsluáætlun

Upplýsinga- og tæknimennt í 4. bekk

Í upplýsinga- og tæknimennt er 1 kennslustund á viku í 4. bekk. Kennari er Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen

Vinnulag

Lögð er áhersla á að nemendur læri að umgangast tæki skólans á réttan hátt. Unnið er bæði með Chromebook tölvur og Ipada.

Meginviðfangsefni vetrarins er að læra að nýta veraldavefinn í verkefnavinnu ásamt því að fylgja reglum um ábyrga netnotkun, læri að nota mismunandi hug- og tækjabúnað, gagnvirk verkefni og beita grunnfærni við notkun ritvinnsluforrita.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð		Nemandi getur ... unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum. unnið vel og farið eftir fyrirmælum.	Leiðsagnarmat Virgni í tíma
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Chromebook	Nemandi getur ... opnað vafra og leitað eftir efnisorði.	Leiðsagnarmat Tímaverkefni
Tækni og búnaður	Osmo Ipad Code.org mms.is	Nemandi getur ... nýtt rafrænt og gagnvirk námsefni. sótt mynd á veraldavefinn og notað í verkefni. nýtt sér mismunandi hug- og tækjabúnað sér til gagns og ánægju.	Leiðsagnarmat Virgni í tíma Tímaverkefni

		beitt grunnfærni við notkun ritvinnsluforrita.	
Sköpun og miðlun		sett fram verkefni á skapandi og skýran hátt.	Tímaverkefni
Siðferði og öryggismál		fylgt reglum um ábyrga netnotkun og áttað sig á siðferðislegum gildum þeirra.	Leiðsagnarmat

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen